

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2022, fimmtudaginn 8. september kl. 09:00, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 883. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Sólveig Sigurðardóttir, Sigríður Lára Gunnarsdóttir, Brynja Kemp Guðnadóttir, Þórður Már Sigfússon, Olga Guðrún B Sigfúsdóttir, Björn Ingi Edvardsson og Sigríður Maack.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

- Breiðhöfði 3 og Bíldshöfði 7, (fsp) skipting** (04.056.6) Mál nr. SN220546
Skjalnr. 5722
lóðar
LOGOS slf., Efstaleiti 5, 103 Reykjavík
B.M. Vallá ehf., Bíldshöfða 7, 110 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn B.M. Vallá ehf. dags. 5. september 2022 um að skipta upp lóðunum að Breiðhöfða 3 og Bíldshöfða 7 innan núberandi lóðamarka þannig að innan þeirra verði fjórar lóðir, samkvæmt tillögu Arkþing/Nordic ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- Eirhöfði 7, (fsp) uppbygging og hönnun** (04.034.001) Mál nr. SN220406
Skjalnr. 14671
Höfðakór ehf., Tónahvarfi 6P, 203 Kópavogur
Arkís arkitektar ehf., Vesturvör 7, 200 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. júlí 2022 var lögð fram fyrirspurn Arnars Þórs Jónssonar f.h. Höfðakórs ehf. dags. 24. júní 2022 ásamt bréfi dags. 16. maí 2022 um uppbyggingu og hönnun á lóð nr. 7 við Eirhöfða. Einnig eru lagðir fram aðaluppdrættir Arkís arkitekta ehf. dags. 23. og 10. júní 2022, sérteikning lóðar/yfirlitsmynd lóðar dags. 15. júní 2022, og hæðarblað í vinnslu dags. 24. maí 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. september 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 7. september 2022, samþykkt með þeim skilyrðum og leiðbeiningum sem fram koma í umsögn.
- Freyjugata 25B/C, breyting á deiliskipulagi** (01.186.3) Mál nr. SN210339
Skjalnr. 5766
Teiknistofan Tröð ehf., Hávallagötu 21, 101 Reykjavík
Una Sighvatsdóttir, Freyjugata 25B, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. ágúst 2021 var lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Baldursgötureits vegna lóðarinnar nr. 25B og 25C við Freyjugötu. Í breytingunni felst leiðrétting lóðarmarka á deiliskipulagsuppdrætti og stærð lóðar í stærðartöflu ásamt aukningu á byggingarmagni, samkvæmt uppd. Teiknistofunnar Traðar dags. 22. desember 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.

4. **Njarðargata 45, Endurnýjun á erindi sem fallið er úr gildi, breytt notkun í gistiheimili og setja svalir á norðurhlið** (01.186.605) Mál nr. BN061416
Skjalnr. 12881
Spur ehf., Freyjugötu 24, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. september 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta skráðri notkun úr fjölbýli í gistiheimili í flokki II, tegund (?) fyrir 16 gesti, setja svalir á 2. og 3. hæð norðurhliðar á húsi á lóð nr. 45 við Njarðargötu.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
5. **Smiðshöfði 11, (fsp) stækkun lóðar** (04.061.2) Mál nr. SN220243
Skjalnr. 14634
Hilmur Jónsson, Grundarland 6, 108 Reykjavík
Atvinnuhúsnæði ehf., Grundarlandi 6, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. maí 2022 var lögð fram fyrirspurn Hilmars Jónssonar dags. 28. apríl 2022 um stækkun lóðarinnar nr. 11 við Smiðshöfða í átt að stórhöfða. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. september 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 1. september 2022.
6. **Urðarstígur 4, breyting á deiliskipulagi** (01.186) Mál nr. SN220089
Skjalnr. 14268
Þórir Jónsson Hraundal, Urðarstígur 4, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Þóris Jónssonar Hraundals dags. 12. febrúar 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Urðarstígsreits, reitur 1.186, vegna lóðarinnar nr. 4 við Vatnsstíg. Í breytingunni að gerður er nýr byggingarreitur fyrir viðbyggingu sunnan hússins, samkvæmt uppdr. teiknistofunnar Óðinstorgi dags. 20. júlí 2022. Við breytinguna hækkar nýtingarhlutfall lóðar. Tillagan var grenndarkynnt frá 5. ágúst 2022 til og með 2. september 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Sveinn Viðar Guðmundsson dags. 2. september 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
7. **Ægisíða 62, breyting á deiliskipulagi** (01.545.2) Mál nr. SN210597
Skjalnr. 13079
Alternance slf., Vesturgötu 51a, 101 Reykjavík
Gunnar Tryggvason, Ægisíða 62, 107 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Alternance slf. dags. 1. júlí 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Ægisíðu frá Hofsvallagötu að Lynghaga vegna lóðarinnar nr. 62 við Ægisíðu. Í breytingunni felst breyting á byggingarreit lóðarinnar sem felst í að byggingarreit er skipt niður þannig að aðalreitur verður í kringum núverandi byggingu og minni reitur fyrir garðskála, samkvæmt uppdr. Alternance slf. dags. 28. maí 2021, síðast breytt 31. síðast breytt 31. ágúst 2022, og skuggavarp dags. 31. mars 2021.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Ægissíðu 60 og 64 og Tómasarhaga 35, 37, 39 og 41.
8. **Fálkabakki 1, Fálkaborg, breyting á hverfisskipulagi** (04.617) Mál nr. SN220271
Skjalnr. 13158
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á hverfisskipulagi "6.1 Breiðholt" vegna lóðarinnar nr. 1 við Fálkabakka. Í breytingunni felst stækkun á skipulagssvæði til norðurs, stækkun á leikskólalóð og núverandi byggingarreit leikskólans ásamt því að bætt er við byggingarreit fyrir tímabundna kennslustofu, samkvæmt uppdr. Landslags dags. 5. maí 2022. Tillagan var auglýst frá 21. júlí 2022 til og með 2. september 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Veitur dags. 19. júlí 2022.
Vísað til meðferðar verkefnisstjóra.

9. **Freyjugata 46, (fsp) stækkun garðskála** (01.196.1) Mál nr. SN220540
Skjalnr. 8826
Ólafur Jóhann Ólafsson, Bandaríkin, 420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Ólafs Jóhanns Ólafssonar og ASK Arkitekta ehf., dags. 31. ágúst 2022, um að stækka garðskála á lóð nr. 46 við Freyjugötu, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta dags. 31. ágúst 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
10. **Grundarhús 14-24, breyting á deiliskipulagi** (02.842.2) Mál nr. SN220416
Skjalnr. 14642
Andrzej Lukaszewicz, Grundarhús 14, 112 Reykjavík
Lögð fram umsókn Andrzej Lukaszewicz dags. 30. júní 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Húsahverfis vegna lóðarinnar nr. 14-24. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir garðskála á lóð.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
11. **Hellusund 6, (fsp) stækkun lóðar** (01.185.2) Mál nr. SN220545
Skjalnr. 13339
Þingholt ehf., Hellusundi 6, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Þingholts dags. 5. september 2022 um stækkun lóðarinnar nr. 6 við Hellusund, samkvæmt tillögu Trípólí arkitekta dags. 5. september 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
12. **Kamsvegur 27, Viðbygging** (13.542.01) Mál nr. BN060338
Skjalnr. 12053
Jóhann Rúnar Kjartansson, Kamsvegur 27, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. ágúst 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. júlí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við austurhlið einbýlishúss á einni hæð auk kjallara, á lóð nr. 27 við Kamsveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. september 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. september 2022, samþykkt.
13. **Sogavegur 92, (fsp) bílskúr** (01.815.1) Mál nr. SN220537
Skjalnr. 14698
Vilhjálmur Andri Kjartansson, Sogavegur 92, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Vilhjálms Andra Kjartanssonar dags. 24. ágúst 2022 um að setja bílskúr austan við húsið á lóð nr. 92 við Sogaveg, samkvæmt tillögu Axels Kaaber ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
14. **Grjótháls 8, Bílaþvottastöð** (04.301.201) Mál nr. BN061417
Skjalnr. 9734
Fasteignastýring ehf., Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. september 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílaþvottastöð og þvottabás, nýbyggingin er stálgrindarhús á steiptum sökklum í matshluta nr. 06 á lóð nr. 8 við Grjótháls.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

15. **Hálsahverfi, hjólastígur** (04.32) Mál nr. SN220522
Skjalnr. 9773
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25 ágúst 2022 var lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 23. ágúst 2022, um göngu- og hjólastíga í Hálsahverfi. Einnig er lagt fram minnisblað VSÓ ráðgjafar, dags. 18. nóvember 2022, um hjólastíg við Krókháls/Dragháls og teikningasett VSÓ ráðgjafar, ódags., um göngu- og hjólastíga að Hálsabraut. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. september 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. september 2022, samþykkt.
16. **Langholtsvegur 190, (fsp) svalir** (01.445) Mál nr. SN220498
Skjalnr. 14668
Kristín Rós Egilsdóttir, Langholtsvegur 190, 104 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Kristínar Rósu Egilsdóttur, dags. 22. júlí 2022, um að setja svalir á húsið á lóð nr. 190 við Langholtsveg með tröppum niður í garð. Einnig eru lögð fram frumdrög ódags. þar sem samþykki nágretta koma fram.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
17. **Nýr Landspítali við Hringbraut, (fsp)** (01.19) Mál nr. SN220341
Skjalnr. 12506
afmörkun lóðar fyrir dælustöð
Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. júlí 2022 var lögð fram fyrirspurn Veitna ohf. dags. 31. maí 2022 ásamt bréfi dags. 31. maí 2022 um afmörkun lóðar fyrir dælustöð bakvatns hitaveitu á horni lóðar Nýs Landspítala við Hringbraut. Einnig er lögð fram tillaga að staðsetningu dælustöðvar ódags. og uppdráttur/frumhönnun Eflu að dælustöð dags. 17. febrúar 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. september 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. september 2022, samþykkt.
18. **Baldursgata 30, (fsp) breyting á notkun** (01.182.2) Mál nr. SN220539
Skjalnr. 8476
Magna Fríður Birnir, Lerkihlíð 9, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Mögnu Fríðar Birnis, dags. 31. ágúst 2022, um breytingu á notkun rýmis merkt 03-0101 hússins á lóð nr. 30 við Baldursgötu úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
19. **Gunnarsbraut 34, (fsp) hækkun á þaki** (01.247.1) Mál nr. SN220520
Skjalnr. 14693
Baldur Helgi Snorrason, Gunnarsbraut 34, 105 Reykjavík
Sunna Kristín Hannesdóttir, Gunnarsbraut 34, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Baldurs Helga Snorrasonar og Sunnu Kristínar Hannesdóttur, dags. 18. ágúst 2022, um hækkun á þaki hússins á lóð nr. 34 við Gunnarsbraut, samkvæmt skissu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. september 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 7. september 2022, samþykkt.

20. **Hesthamrar 9, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (02.297.4) Mál nr. SN220517
Skjalnr. 14442
Sæmundur Unnar Sæmundsson, Hesthamrar 9, 112 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25 ágúst 2022 var lögð fram fyrirspurn Sæmundar Unnars Sæmundssonar, dags. 19. ágúst 2022, um breytingu á deiliskipulagi Hamrahverfis vegna lóðarinnar nr. 9 við Hesthamra sem felst í að heimila kjallara og að innréttu þar tvær íbúðir. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. september 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. september 2022.
21. **Laugavegur 67, (fsp) rekstur veitingastaðar** (01.174) Mál nr. SN220535
Skjalnr. 14107
Guðmundur Oddur Víðisson, Litla-Tunga, 276 Mosfellsbær
DAP ehf, Litlu-Tungu, 276 Mosfellsbær
Lögð fram fyrirspurn Guðmundar Odds Víðissonar og DAP ehf. dags. 31. ágúst 2022 um rekstur veitingastaðar/kaffihúss í húsi á lóð nr. 67 við Laugaveg með aðkomu frá göngustíg sem tengir Laugaveg við Hverfisgötu.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
22. **Vesturgata 33, Bíslag yfir inngangi og svalir** (01.135.1) Mál nr. BN061174
Skjalnr. 6260
ofan á bísalagið og áður gerðar breytingar
Örvar Geir Örvarsson, Vesturgata 33, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25 ágúst 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi til að gera viðbyggingu úr timbri framan við inngang og gera svalir ofan á hana, auk þess sem gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á húsi á lóð nr. 33 við Vesturgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Vesturgötu 31, 33A og 33B og Ránargötu 20 og 22.

Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 8.1. gr. og 12. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.
23. **Þorragata 1, (fsp) stækkun húss** (01.635.7) Mál nr. SN220509
Skjalnr. 6210
Sælutröð, dagvistunarfélag, Þorragötu 1, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25 ágúst 2022 var lögð fram fyrirspurn Sælutraðar, dagvistunarfélags, dags. 14. ágúst 2022, um stækkun hússins/leikskólans Sælukots á lóð nr. 1 við Þorragötu, samkvæmt uppdr. K.J. ark. slf dags. 14. ágúst 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. september 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 7. september 2022, samþykkt.
24. **Álfabakki 2A, 2B, 2C og 2D, breyting á deiliskipulagi** (04.603.6) Mál nr. SN220193
Skjalnr. 13455
Álfabakki 2 ehf., Dalvegi 10-14, 201 Kópavogur
K.J.ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Álfabakka 2 ehf. dags. 6. apríl 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Suður-Mjóddar vegna lóðanna nr. 2A, 2B, 2C og 2D við Álfabakka. Í breytingunni felst að lóðirnar eru sameinaðar í eina lóð og byggingarreitur er lengdur til norðurs, samkvæmt uppdr. K.J.ARK ehf. dags. 4. apríl 2022. Tillagan var auglýst frá 21. júlí 2022 til og með 2. september 2022. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir: Sigurdís Jónsdóttir dags. 5. ágúst 2022 og Sigurdís Jónsdóttir og Birgir Rafn Árnason dags. 1. september 2022. Einnig er lögð fram ábending Veitna dags. 30. ágúst 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

25. **Elliðaárdalur, breyting á deiliskipulagi** (04.2) Mál nr. SN220347
Skjalnr. 5813
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals. Í breytingunni felst að bætt er við tengistíg frá Rafstöðvarvegi 1A (jarðhús ofan Ártúnsbrekku) og til suðurs að núverandi stofnstíg sunnan aðkomuvegar að Rafstöðvarvegi 1A, samkvæmt uppdr. Landslags dags. 1. júní 2022. Tillagan var auglýst frá 21. júlí 2022 til og með 2. september 2022. Engar athugasemdir bárust. Lagður fram tölvupóstur Veitna dags. 18. júlí 2022 þar sem ekki er gerð athugasemd við tillöguna.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
26. **Gufunes, áfangi 1 - Jöfursbás reitir A3 og A4, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN220257
Skjalnr.
Hildur Gunnlaugsdóttir, Hvassaleiti 97, 103 Reykjavík
GF 1 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
JVST ICELAND ehf., Ármúla 3, 108 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Hildar Gunnlaugsdóttur, f.h. Spildu ehf. dags. 4. maí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi áfangi 1 í Gufunesi vegna reita A3 og A4. Í breytingu felst tilfærsla á lóðarmörkum (fjöldi og lögun lóða er að breytast), aukning á fjölda íbúða, húshæðir aukast en þó innan marka sem tilgreint er í aðalskipulagi. Heildarbyggingamagn á svæðinu helst óbreytt m.v. gildandi heimildir og mun byggðarmynstur á uppbyggingsvæði breytast, í stað randbyggðar, standa stakstæð hús í grænu garðrými. Almennings- og dvalarrými eykst og það gert samfelldara, m.a. með því að fella niður botnlangann Hilmisbás. Töluverð atvinnustarfsemi er í gildandi skipulagi og mun nær öll sú starfsemi í núverandi heimildum breytast í íbúðir, samkvæmt uppdr. dags. 3. maí 2022. Tillagan var auglýst frá 21. júlí 2022 til og með 2. september 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Veitur ohf. dags. 2. september 2022.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
27. **Gufunes, Skemmtigarður, breyting á deiliskipulagi** (02.2) Mál nr. SN220534
Skjalnr. 7808
Skemmtigarðurinn ehf., Engihjalla 8, 200 Kópavogur
Lögð fram umsókn Skemmtigarðsins ehf. dags. 31. ágúst 2022, ásamt bréfi Eflu dags. 15. ágúst 2022 um breytingu á deiliskipulagi fyrir Skemmtigarðinn í Gufunesi. Í breytingunni sem lögð er til felst að skilgreindir/afmarkaðir eru lóðarreitir fyrir þá starfsemi sem nú er til staðar, samkvæmt uppdr. Eflu verkfræðistofu dags. 7. júlí 2022.
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
28. **Jöfursbás 9B, Nýbygging - 24íb. fjórar hæðir + kj.** (02.22) Mál nr. BN061139
Skjalnr. 14665
Sameining lóða a-b-c-d er hafin í erindi skipulagsf.
Hverfið Gufunes ehf., Skipholti 50d, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. september 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja fjölbýlishús með 24 íbúðum á fjórum hæðum með einu stigahúsi ásamt kjallara undir hluta húss á lóð nr. 9B við Jöfursbás.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

29. **Klettháls 15, (fsp) stækkun lóðar** (04.346.8) Mál nr. SN220425
Skjalnr. 14678
- Einar V Tryggvason, Miðdalur, 271 Mosfellsbær
Stormur ehf., Kletthálsi 15, 110 Reykjavík
- Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Einars V. Tryggvasonar dags. ásamt bréfi dags. 5. janúar 2022 um stækkun lóðarinnar nr. 15 við Klettháls, samkvæmt uppdrætti Einars V. Tryggvasonar dags. 23. september 2021. Einnig er lagt fram mæliblað dags. 3. desember 2021. Fyrirspurninni var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. september 2022.
- Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 8. september 2022.*
30. **Koparsléttu 4-8, breyting á deiliskipulagi** (34..5) Mál nr. SN220304
Skjalnr. 14519
- Fagverk verktakar ehf., Flugumýri 26, 270 Mosfellsbær
- Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Malbikstöðvarinnar ehf. dags. 18. maí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Esjumela, athafnasvæðis, vegna lóðarinnar nr. 4-8 við Koparsléttu. Í breytingunni felst breyting á mörkum byggingarreits, annars vegar við innkeyrslu frá Koparsléttu og hins vegar á vestari hluta reits við Norðurgrafarveg ásamt því að hæð stoðveggja við lóðarmörk eru skilgreind með nýjum hætti í skilmálum, samkvæmt uppd. Grímu arkitekta ehf. dags. 5. maí 2022. Tillagan var grenndarkynnt frá 5. ágúst 2022 til og með 2. september 2022. Engar athugasemdir bárust.
- Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
31. **Suðurlandsvegur, skipulagslýsing** (05.8) Mál nr. SN220392
Skjalnr. 9250
- Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju skipulagslýsing EFLU verkfræðistofu fh. umhverfis- og skipulagssvið, skipulagsfulltrúa, dags. 22. júní 2022, um nýtt deiliskipulag Suðurlandsvegur, frá vegamótum við Bæjarháls að sveitarfélagsmörkum við Mosfellsbæ nálægt Hólmsá, veghelgunarsvæða hans og gatnamóta á þessari leið. Vegagerðin áformar að í samvinnu við borgina að tvöfalda Suðurlandsveg og er markmið framkvæmdar að auka umferðaröryggi allra faramóta og tryggja greiðari leið umferðar um Suðurlandsveg með því að aðskilja akstursstefnur. Lagður verður 2+2 vegur, tengingum fækkað frá því sem nú er, þrenn mislæg vegamót, gerðir nýir reið-, hjóla- og göngustígar. Vegurinn verður lagður í allt að fimm áföngum og nær deiliskipulagið til fyrstu tveggja áfanganna. Lýsingin var kynnt frá 19. júlí 2022 til og með 31. ágúst 2022. Eftirtaldir sendu ábendingu/umsögn: Vegagerðin dags. 21. júlí 2022, Minjastofnun Íslands dags. 23. ágúst 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 25. apríl 2022, reiðveganefnd Fáks dags. 25. ágúst 2022, Reiðveganefnd SV-svæðis das. 26. ágúst 2022, Finnur Kristinsson dags. 29. ágúst 2022, Ólafur Kr. Guðmundsson dags. 30. ágúst 2022, Sveinbjörn Guðjohnsen og fjölskylda dags. 30. ágúst 2022, Skógræktarfélag Reykjavíkur dags. 30. ágúst 2022, Veitur ohf. dags. 31. ágúst 2022, Skipulagsstofnun dags. 1. september 2022 og Sigurdís Jónsdóttir og Birgir Rafn Árnason dags. 1. september 2022.
- Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
32. **Súðarvogur 20, (fsp) breyting á notkun** (01.454.1) Mál nr. SN220508
Skjalnr. 10798
- Fríða Björk Einarsdóttir, Ólafsgesli 79, 113 Reykjavík
- Lögð fram fyrirspurn Fríðu Bjarkar Einarsdóttur, dags. 12. ágúst 2022, um breytingu á notkun hússins á lóð nr. 20 við Súðarvog úr skrifstofuhúsnæði í íbúðarhúsnæði.
- Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

33. **Tunguháls 2, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN220182
Skjalnr.
Landspítali, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Landspítalans dags. 28. mars 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 2 við Tunguháls. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit til austurs og gera nýjan byggingarreit á sunnanverðri lóðinni fyrir hjólaskýli, samkvæmt uppdr. THG arkitekta ehf. dags. 25. mars 2022. Tillagan var grenndarkynnt frá 5. ágúst 2022 til og með 2. september 2022. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
34. **Úlfarsfell, Fellsmúli, (fsp) hækkun húss** Mál nr. SN220463
Skjalnr. 12840
Vigdís Bergsdóttir, Víðimelur 34, 107 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Vigdísar Bergsdóttur dags. 25. júlí 2022 um hækkun hússins á lóð Fellsmúla í Úlfarsfelli.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
35. **Öskjuhlíð, breyting á deiliskipulagi** (01.76) Mál nr. SN220376
Skjalnr. 7324
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Umhverfis- og skipulagssviðs dags. 13. júní 2022, varðandi breytingu á deiliskipulagi Öskjuhlíðar. Í breytingunni felst afmörkun deiliskipulags aðlöguð að deiliskipulagsmörkum Háskólans í Reykjavík og nýr göngustígur á horni Nauthólsvegur og Flugvallarvegur. Einnig lagður fram uppdr. Landmótunar dags. 22. júní 2022. Tillagan var auglýst frá 21. júlí 2022 til og með 2. september 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Flugbjörgunarsveitin Reykjavík dags. 1. september 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
36. **Reynimelur 66, breyting á deiliskipulagi** (01.524.1) Mál nr. SN210804
Skjalnr. 13787
Arkís arkitekta ehf., Vesturvör 7, 200 Kópavogur
IREF ehf., Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Arkís arkitekta ehf. dags. 1. desember 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Mela vegna lóðarinnar nr. 66 við Reynimel. Í breytingunni felst að heimilt er að fjölga íbúðum úr 3 í 4, þaksvalir eru heimilrar á tveggja hæða hluta nýbyggingar og skulu vera inndregnar um að minnsta kosti 2m frá útbrún þaks neðri hæðar ásamt því að heimilt er að gera að hámarki 120 m² kjallara innan byggingareits, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 18. nóvember 2021, br. 15. ágúst 2022. Tillagan var auglýst frá 21. janúar 2022 til og með 4. mars 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Jón Gunnar Þorsteinsson, Helga Brá Árnadóttir og Rakel Sveinbjörnsdóttir dags. 25. febrúar 2022, Þórdís Þorgeirsdóttir og Orri Ólafur Magnússon dags. 28. febrúar 2022, Magdalena Sigurðardóttir dags. 2. mars 2022, Sonný Hilma L. Þorbjörnsdóttir f.h. 24 eigenda og íbúa við Reynimel, undirskriftalisti, dags. 3. mars 2022, Erna Guðlaugsdóttir og Hlynur Leifsson dags. 4. mars 2022, María Valles dags. 4. og 7. mars 2022, Sonja Steinsson Þórsdóttir dags. 4. mars 2022 og Jóhannes Bragi Gíslason dags. 4. mars 2022. Erindinu var vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. mars 2022 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs til afgreiðslu eftir auglýsingu.

37. **Barónsstígur 45A, breyting á deiliskipulagi** (01.193.0) Mál nr. SN220320
Skjalnr. 5289
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
VA arkitektar ehf., Laugavegi 26, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Karls Magnúsar Karlssonar dags. 24. maí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreiðs vegna lóðarinnar nr. 45A við Barónsstíg. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit Sundhallarinnar í austur fyrir viðbyggingu á tæknirými innilaugarinnar ásamt því að tengja núverandi tæknirými útilaugarinnar við umrædda stækkun neðanjarðar, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppr. VA arkitekta ehf. dags. 13. júlí 2022. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. maí 2022. Tillagan var grenndarkynnt frá 5. ágúst 2022 til og með 2. september 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Bergþór Þórisson formaður húsfélagsins Snorrabraut 56b, dags. 19. ágúst 2022.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
38. **Bryggjuhverfi, dælustöð, breyting á** (04.0) Mál nr. SN220188
Skjalnr. 7634
deiliskipulagi vegna stækkunar skipulagssvæðis
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis. Í breytingunni felst að skipulagssvæðið er stækkað til suðurs að mörkum Ártúnshöfða og til austurs að veginum Gullinbrú. Ástæða þess að skipulagssvæðið stækkar er fyrirhuguð dælustöð Veitna, en afmörkuð er lóð ásamt því að gerður er byggingarreitur fyrir dælustöð sem staðsett verður sunnan Sævarhöfða og vestan Gullinbrúar. Lagnabeltin verða tvö, annars vegar frá Ártúnshöfða og til norðurs að lóð dælustöðvar og hins vegar frá lóð dælustöðvar til vesturs. Aðkoma þjónustuumferðar að lóðinni verður frá núverandi einstefnu frárein frá Gullinbrú að Sævarhöfða, samkvæmt uppr. Landslags ehf. dags. 30. maí 2022. Tillagan var auglýst frá 21. júlí 2022 til og með 2. september 2022. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
39. **Bíldshöfði 5, endurnýjun starfsleyfis - ósk** (04.055.6) Mál nr. SN220543
Skjalnr. 14061
um umsögn
Lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 1. september 2022 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna umsóknar Olúverslunar Íslands um endurnýjun starfsleyfis vegna bensínstöðvar að Bíldshöfða 5. Óskað er eftir umsögn um gildistíma endurnýjunar og staðsetningu.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
40. **Bræðraborgarstígur 1, 3 og 5,** Mál nr. SN220053
skipulagslýsing Skjalnr. 6253
Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík
Þorpið - Vistfélag ehf., Suðurlandsbraut 30, 128 Reykjavík
Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju umsókn Yrki arkitekta ehf. dags. 26. janúar 2022 ásamt lýsingu dags. 21. júní 2022 vegna gerð nýs deiliskipulag fyrir lóðirnar nr. 1, 3 og 5 við Bræðraborgarstíg. Tilgangur með nýju deiliskipulagi fyrir svæðið er að skilgreina og setja skilmála um umfang nýbygginga á lóðum Bræðraborgarstíg 1 og 3. Markmiðið er að ná fram tillögu sem tekur tillit til nærumhverfisins og virðir sögu staðarins í samræmi við aðferðir og tækniþekkingu okkar tíma. Lýsingin var kynnt frá 19. júlí 2022 til og með 31. ágúst 2022. Eftirtaldir sendu athugasemd/ábendingu/umsögn: Borgarfulltrúi Sósíalista dags. 28. júní 2022, Erla Þórarinsdóttir dags. 27. júlí 2022, Veitur ohf. dags. 17. ágúst 2022, Guðrún Karlsdóttir, Jón G. Sædal og Berta Andrea

Jónsdóttir Snædal dags. 21. ágúst 2022, Sturla Einarsson dags. 24. ágúst 2022, Daði Guðbjörnsson dags. 25. ágúst 2022, Skipulagsstofnun dags. 25. ágúst 2022, Minjastofnun Íslands dags. 29. ágúst 2022, Friðbjörg Ingimarsdóttir, Gunnar Hersveinn, Elna Katrín Jónsdóttir, Jón Ingi Hannesson og Erla Þórarinsdóttir f.h. 55 aðila/nágranna við Bræðraborgarstíg 1, 3 og 5 dags. 31. ágúst 2022, Astrid Lelarge dags. 31. ágúst 2022 og Ásta Olga Magnúsdóttir dags. 31. ágúst 2022.

Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

41. **Heklureitur, nýtt deiliskipulag** (01.242) Mál nr. SN210448
Skjalnr. 13840

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 2. september 2022 þar sem ekki er gerð athugasemd við birtingu á auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda en bendir á að lagfæra þarf framsetningu uppdráttu m.t.t. þess að um er að ræða breytingu á deiliskipulagi en ekki nýtt deiliskipulag, ásamt því að fram þarf að koma heildarstærð skipulagssvæðis. Einnig eru lagðir fram uppfærðir deiliskipulags- og skýringarupprættir Yrki arkitekta ehf. dags. 16. júní 2022, síðasti útgáfudagur 5. september 2022.

Bréf Skipulagsstofnunar, dags. 2. september 2022, lagt fram og leiðréttir upprættir dags. 5. september 2022.

42. **Sogavegur 3, stækkun lóðar** (01.810.9) Mál nr. SN220189
Skjalnr. 9759

Djúpidalur ehf., Stórakri 6, 210 Garðabær
Fiskikóngurinn ehf., Stórakri 6, 210 Garðabær

Lögð fram umsókn Djúpadals ehf. dags. 30. mars 2022 um stækkun lóðarinnar nr. 3 við Sogaveg, samkvæmt upprætti K.J.ARK ehf. dags. 22. mars 2022. Einnig eru lögð fram mæliblað og hæðarblað gefin út í apríl 2011. Jafnframt er lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, Landupplýsingardeildar, dags. 2. júní 2022 ásamt breytingarblaði og mæliblaði dags. 2. júní 2022.

Leiðrétt bókun frá fundi skipulagsfulltrúa 10. júní 2022.

Rétt bókun er: Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Akurgerði 1, 2, 3, 4, 6 og 8 og Sogavegi 16 og 18.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. gr. 8.1. í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.

Björn Axelsson

Borghildur Sölvey Sturludóttir

Helena Stefánsdóttir